

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum út af Austfjörðum.

1. gr.

Frá og með 13. febrúar 1987 til og með 15. maí 1987 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 65°06'8 N – 11°59'0 V
2. 64°39'1 N – 12°30'4 V
3. 64°30'9 N – 12°05'8 V
4. 64°50'3 N – 11°41'9 V
5. 65°09'7 N – 11°31'7 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. febrúar 1987.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í
Reykjavík o.fl. nr. 137 26. júlí 1971.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð, kr. 36 000 á ári. Gjald dagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. febrúar 1987.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línadal.